

Borgarbyggð
Drífa Gústafsdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 15. nóvember 2024
UST202409-289/A.B.
10.04.02

Efni: Kynning - Heildarendurskoðun á aðalskipulagi Borgarbyggðar - 2025 - 2037

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 26. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025 - 2037.

Hvanneyri - Skipulagsáætlanir og vernd Andakíls

Í drögunum er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu íbúðarbyggðar á nokkrum reitum á Hvanneyri. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð tillögunnar þarf að fjalla mun ítarlegar um áhrif tillögunnar á friðlandið. Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft áhrif á búsvæðið og verndargildi svæðisins og því nauðsynlegt að metin séu áhrif aðalskipulagsins á verndarsvæðið og fjallað nánar um tiltekið svæði og það fuglalíf sem þar er. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að skoða svæði til uppbyggingar sem mun ekki raska verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæðum sem fuglar nýta til fæðuöflunar. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á markmið friðlýsingar fyrir Andakíl.¹

Umhverfisstofnun bendir á að Andakíll er Ramsar-svæði, sem þýðir að öll nýting á svæðinu skal vera með sjálfbærum hætti og vernda votlendi svæðisins sem er mikilvægt lífsvæði fyrir fugla á lands- og heimsvísu. Auk þess bendir stofnunin á að markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi fjölbreytts votlendis og búsvæða blesgæsa og fjölda annarra fuglategunda og að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins.²

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur m.a. veitt umsögn varðandi uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar á sínum tíma þar sem stofnunin veitti umsögn varðandi lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar dags 9. desember 2021³ og breytingartillögu vegna uppbyggingar jarðræktarmiðstöðvar 5. maí 2022⁴. Í umsögn stofnunarinnar um lýsingu og tillögu aðalskipulagsbreytingarinnar vísaði stofnunin í talningu Náttúrustofu Vesturlands⁵

¹ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/andakill/>

² <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/andakill/>

³ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hvanneyri.pdf>

⁴ <https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Hvanneyri%202.5.pdf>

⁵ <https://public.tableau.com/app/profile/rachel.stroud1254/viz/Hvanneyrigoosefielduse2017/Dashboard1>

og benti stofnunin á mikilvægi þess að litið sé til þeirra rannsókna. Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir búsvæðið⁶ segir að ræktuðu svæðin, einkum þau tún sem slegin eru á Hvanneyri, Ausu og Árdal, eru mikilvæg beitarlönd fyrir grænlenku blesgæsina. Auk þess segir í áætluninni, þar sem talað er um landbúnað, að „*benda má á að vist blesgæsanna er að hluta til háð því að hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldist.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið líti á verkefnið heildstætt þar sem horft sé til uppbyggingar háskólans og samfélagsins á Hvanneyri í sátt við verndarsvæði friðlandsins við Andakíl um ókomna framtíð.

Virkjanir

Í greinargerð segir að hugmyndir eru um tvær nýjar vatnsaflsvirkjanir, aðra í Geitá og hina í Hvítá. Sveitarfélagið er með til skoðunar að heimila virkjanirnar og vill við kynningu vinnslutillögu fá fram sjónarmið um þessar framkvæmdir. Auk þess segir að áhrif á vernd eru neikvæð. Báðar virkjanir eru í jaðri og innan Geitlands sem er friðlýst svæði. Á friðlýsta svæðinu er mannvirkjagerð og jarðrask bannað án leyfis Umhverfisstofnunar, ásamt því að óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið setji fram skipulagsáætlun sem mun ekki rýra verndargildi friðlýstra svæða. Auk þess bendir stofnunin á að stofnunin mun ekki veita leyfi til framkvæmda sem rýra verndargildi friðlýstra svæða.

Einnig segir í greinargerð að áhrif virkjunarinnar á samfélag eru jákvæð þar sem nýjar virkjanir stuðla að jafnara aðgengi að orku um landið. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að ná fram þeim markmiðum sem sveitarfélagið setur sér án þess að rýra verndargildi friðlýstra svæða. Því vill Umhverfisstofnun hvetja sveitarfélagið til að skoða aðra valkosti í áframhaldandi vinnu.

Náttúruvernd og aðalskipulag

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að markmið hennar sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í drögum er fjallað um verndarsvæði í sveitarfélaginu þar sem kemur fram að innan sveitarfélagsins eru svæði á náttúruminjasrá, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, hverfisverndar, mikilvægt fuglasvæði og vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum

Í greinargerð segir vernda skal sérstæða náttúru og náttúruminjar, bæði í samræmi við lög um náttúruvernd og að frumkvæði sveitarstjórnar.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

⁶ [https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stj%20og%20verndar%20a1%20a6tlun%20fyrir%20verndarsv%20a6%20i%20ad%20Andak%20adl%20m%20undirritun.pdf)

[Svaedi/Stj%20og%20verndar%20a1%20a6tlun%20fyrir%20verndarsv%20a6%20i%20ad%20Andak%20adl%20m%20undirritun.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Nattura/Fridlyst-Svaedi/Stj%20og%20verndar%20a1%20a6tlun%20fyrir%20verndarsv%20a6%20i%20ad%20Andak%20adl%20m%20undirritun.pdf)

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni.

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefni þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.⁷

Líffræðilegur fjölbreytileiki hnignar stöðugt um allan heim. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁸

Skipulagsáætlanir Borgarbyggðar gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Friðlýsing Borgarvogs

Í greinargerð segir að áfram verði unnið að friðlýsingunni í samráði við Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun telur þetta vera jákvætt, þar sem markmið friðlýsingarinnar miðar að því að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Borgarvogs og vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum sínum og á eigin forsendum.⁹

Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Vegir í náttúru Íslands

Á korti er gert ráð fyrir vegum um Húsafellsskóg. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þessir „slóðar“ hafa verið nýttir sem göngu- og reiðleiðir og ætti því ekki að setja hann á vegaskrá. Því þyrfti að vera rök fyrir því að skilgreina vegi innan og í gegnum skóginn.

Umsagnir - Samþykki

⁷ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

⁸ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

⁹ <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-bid/borgarvogur-i-borgarbyggd/>

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin er hér með að veita umsögn varðandi drög að vegum sem liggja innan eða við friðlýst svæði og með þessari umsögn er stofnunin ekki að veita samþykki fyrir henni. Vegaskrá er háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landsvæði sem liggja innan friðlýstra svæða sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013.

Tillaga að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þann 21. febrúar 2024 í samræmi við 2. mgr. 36. gr. laga nr. [60/2013 um náttúruvernd](#).

Á framkvæmdaáætlun eru skráðar þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin.¹⁰

Innan sveitarfélagsins er svæði sem nefnist Lambeyrarkvísl og Oddauppsprettur í Borgarfirði¹¹, sem hefur verið í vinnslu. Auk þess eru fleiri svæði sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi eins og Mýrar og Löngufjörur.¹²

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að skilgreina þau svæði sem NÍ hefur tilnefnt sem aðra náttúruvernd (ÖN) og/eða sem hverfisverndarsvæði samanber ákvæði skipulagsreglugerðar, eins og Oddauppsprettur¹³ og Lambeyrarkvísl¹⁴ sem eru kaldar lindir.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í drögum er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og sett inn sértæk skipulagsákvæði sem það á við.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Oft eru lagðar fram skipulagsáætlanir þar sem virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun. Umhverfisstofnun vill m.a. benda á nokkur svæði þar sem rask verður á hrauni eins og frekari uppbygging við Bifröst ÍB801, ÍB803 og S801.

Ef sveitarfélagið skilgreinir landnotkunarreit í skipulagsáætluninni þar sem eru vistkerfi og/eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar og þeim raskað þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.

¹⁰ <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/>

¹¹ <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/lambeyrarkvisl-og-oddauppsprettur-i-borgarfirdi/>

¹² <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/vesturland/myrar-longufjorur>

¹³ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/oddauppsprettur>

¹⁴ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/lambeyrarkvisl>

Því eru sértæk ákvæði sem segir að forðast rask eins og kostur er ekki samræmi við ákvæði laganna, sem dæmi varðandi Hverfisverndarsvæði HV2 segir: Á þessum svæðum skal þess gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur, sem er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Líklegt er að framkvæmir á hverfisverndarsvæðinu hvort sem að er vegagerð, íbúðarhús eða frístundabyggð mun valda töluverðu raski.

Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Í 6.3. gr. segir: e. Önnur náttúruvernd (ÖN) Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Borgarvogur íbúðarbyggð

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um útfærslu og áhrifum göngustígs yfir Borgarvog í áframhaldandi vinnu verkefnisins.

Endurheimt

Umhverfisstofnun tekur undir að sveitarfélögin gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er ein aðgerðin að vernda votlendi og þessu tengt telur Umhverfisstofnun að skipulagsáætlanir séu öflugt verkfæri til náttúruverndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að endurheimt náttúruverðmæta sem stuðli að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta á ekki einungis við um endurheimt á votlendi og náttúrulegum birkiskógum, heldur einnig endurheimt á víðernum, endurheimt á röskuðum svæðum og frágangi á námun svo eitthvað sé nefnt. Í greinargerð er fjallað um stefnu um endurheimt en óljóst hvernig sú stefna verður útfærð nánar.

Vindorka

Í drögnum er sett fram stefnumótun um hvar iðnaðarsvæði vindorkuvera henta ekki.

Umhverfisstofnun bendir á að áhrifaþættir vegna vindmylla eru fjölmargir eins og á gróður, fuglalíf, landslag og ásýnd, víðerni, hljóðvist, útivist og ferðamennsku, verndarsvæði, friðlýst svæði, vatn, örplast, skuggavarp, ískast, niðurrif o.s.frv.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að þar sem mest áhrif vindmylla er ásýnd að hugað sé að 54. gr. náttúruverndarlaga. Því getur vindorkuver í nálægð við Eldborg sem er friðlýst sem náttúruvætti rýrt verndargildi náttúruvættisins.

Efnistaka

Í greinargerð er fjallað um verkefni sem getur kallað á efnisvinnslu eins og samgönguverkefni. Mikilvægt er að gerð sé grein fyrir staðsetningu og stærð efnistökusvæða og einnig þarf að marka á sem nákvæmastan hátt fyrir útlínum efnistökusvæða á skipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun vill benda á að við gerð og endurbætur á Snæfellsvegi kallar það á mikla efnistöku, en efni er af skornum skammti á Mýrunum. Þetta gæti kallað á mikla efnistöku á bergi sem gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.¹⁵

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun. Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Mat á umhverfisáhrifum á verndarsvæðum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fjallað er um verkefni sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á það geta verið framkvæmdir á skilgreindum verndarsvæðum og mikilvægt að skoða iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. laganna.

Vatnamál

Í drögum kemur fram að hugmyndir eru um vatnsaflsvirkjanir og mótuð verður stefna um orkuframleiðslu og efnistöku.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð landnotkun og framkvæmdum sem hafa áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹⁶. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur

¹⁵ <https://www.namur.is/undirbuningur-efnistoku/efnistaka-ur-bergi/>

¹⁶ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>.

í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.¹⁷ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála¹⁸). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Frístundabyggð

¹⁷ [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

¹⁸ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

Í greinargerð segir varðandi frístundabyggð að skoðað verði hvort tilefni sé til að setja inn ný svæði, minnka eða fella út svæði.

Umhverfisstofnun tekur undir að það sé tilefni til að fella út frístundabyggð sem mun raska verndargildi svæða á náttúruminjaskrá og sem ná til hrauna – og votlendissvæða sem njóta sérstakrar vernda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og beina framtíðar frístundabyggð á svæði sem hafa minna verndargildi.

Skógrækt

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulaginu verði gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við skipulagsreglugerð þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.

Ef skógræktarsvæði verða ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur stofnunin nauðsynlegt að sýna skógræktarsvæði á sérstöku þemakorti.

Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt í aðalskipulaginu ef stefnt er að eflingu skógræktar innan sveitarfélagsins og að sett verði fram sérstök markmið um hvernig standa beri að skógrækt. Stofnunin telur nauðsynlegt að sett verði sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum, búsetuminjum eða búsvæðum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða hafi neikvæði áhrif á búsvæði mófugla; a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

Skógrækt í Reykholt

Umhverfisstofnun hefur veitt umsagnir varðandi framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt innan sveitarfélagsins eins og í Fannholti.¹⁹ Auk þess er fyrirhuguð frekari skógrækt í Reykholti, Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að yfirgripsmikil skógrækt sé skilgreind sem skógræktar- og landgræðslu svæði á upprætti og í greinargerð.

Óbyggð svæði

Í gildandi aðalskipulagi eru óbyggð svæði skilgreind í kafla 4.17, en í skipulagsreglugerð eru óbyggð svæði skilgreind sem svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Stór hluti sveitarfélagsins er skilgreindur sem landbúnaðarland, meira að segja Grábrókargígar.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að sveitarfélagið hafi sett sé sér stefnu varðandi óbyggð svæði. Umhverfisstofnun leggur það til að afmörkun óbyggðra svæða miði ekki einungis við ákveðna hæðarlínu, afmörkun óbyggðra víðerni og/ eða miðhálendislínu heldur einnig

¹⁹

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%20c3%b6gn%20-%20c3%93sk%20um%20ums%20c3%b6gn%20-%20framkv%20a6mdarleyfi%20-%20Fannholt%20-%20sk%20c3%b3gr%20c3%a6kt%2012.%20j%20c3%ban%20c3%ad%202024.pdf>

taki afmörkunin til náttúruverndarsvæða, votlendis, hrauns, gígasvæða, sem njóta sérstakrar verndar, og annarra verndarsvæða sem við á.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri